

REGLUR

um breytingu á C. hluta IV. viðauka reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.

1. gr.

Heiti C. hluta breytist þannig, að í stað heitisins „Flytjanlegt starfsmannahúsnæði sem notað er í þéttbýli“ komi: **Flytjanlegt starfsmannahúsnæði.**

2. gr.

Í grein 1.1. falli út orðin „innan þéttbýlis“.

3. gr.

Á eftir „salerni 1,2 m²“ í grein 4.3 falli niður orðin „á mann“.

4. gr.

Á eftir grein 5 komi ný grein, svohljóðandi:

6. Undanþágur.

6.1. Ef ekki er hægt að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í þessum hluta vegna aðstæðna á vinnustað utan þéttbýlis, skal sækja um leyfi fyrir frávikum til Vinnueftirlits ríkisins, sem metur hvort gild rök séu til að heimila þau.

5. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. júlí 1999.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Kristín Benediktsdóttir.